



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Hörgárbyggð
Ásgeir Már Hauksson
Dagverðareyri
601 Akureyri

Reykjavík, 9. júní 2006
Tilvísun: UST20060500112/óaj

Deiliskipulag á Gásum

Vísað er til erindis Hörgárbyggðar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um framangreint deiliskipulag.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir gerð nýs aðkomuvegar að þjónustuhúsasvæði, þjónustuhúsi (300 m²), ásamt gerð bílastæðis við þjónustuhúsið. Gert er ráð fyrir að lagður verði stígur með föstu yfirborði, um 2,5 m að breidd, sem nær frá þjónustusvæði að kirkjurúst og minjasvæði. Stikuð verður gönguleið um rústa- og náttúruminjasvæði á Gáseyri. Gengið verður frá eftir fornleifauppgröft með því að fylla upp í skörð með sandi og mól. Komið verður upp leiksvæði og kynningarastöðu við þjónustusvæði. Nýr aðkomuvegur/gönguleið verður gerð frá þjónustusvæði að tilgátusvæði ásamt bílastæði við tilgátusvæði. Tilgátusvæðið, þ.e. tilgátubúðir þar sem sett verður á svið starfsemi þar sem líkt yrði eftir verklagi og lifnaðarháttum frá miðöldum, verður við Gæsavík, en þar er einnig gert ráð fyrir endurbyggingu einstakra búða. Girt verður umhverfis tilgátusvæðið.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er að hluta á náttúruminjasrá en í skránni segir eftirfarandi um svæðið:


Hörgárósar, Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.


Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að girða þarf af það landsvæði sem verður afmarkað og tekið frá í þágu tilgátugerðar. Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvers konar girðing verður reist en samkvæmt tillögunni þarf að vera lokað með góðri girðingu svo óviðkomandi komist ekki óboðnir inn á svæðið. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti nær tilgátusvæðið niður að sjó við Gæsavík, en samkvæmt 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Því þarf að ganga úr skugga um að hvergi verði hindruð umferð gangandi meðfram fjörunni, þ.e. að hvergi verði girt niður að sjó, nema að þar komi hlið eða göngustigi.

Umhverfisstofnun fagnar þeirri metnaðarfullu tillögu sem hér er lögð fram þar sem ferðamönnum og heimamönnum er gefinn kostur á að kynnast náttúru og sögu svæðisins og

gerir fyrir sitt leyti ekki aðrar athugasemdir við ofangreinda tillögu en þá sem nefnd er hér að framan. Að mati Umhverfisstofnunar mun fyrirhuguð deiliskipulagstillaga ekki hafa skerða verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
sérfræðingur


Stefn Einarsson
staðgengill forstöðumanns

Afrit: Skipulagsstofnun